

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 102/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Fjársvik. Reynslulausn. Hegningarauki. Vanaafbrotamaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 19. mars 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Sakarefnum er lýst í héraðsdómi.

Misritast hefur í ákæru fjárhæð ávísunar nr. 2336178 10.000,00 krónur í stað 10.500,00 krónur. Þá hefur í héraðsdómi fallið niður að geta þess, að ákærða var samkvæmt I. kafla ákæru gefið að sök að hafa verið hlutdeildarmaður í brotum er þar greinir.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sýknu ákærða af broti sem greinir í III. kafla ákæru.

Af gögnum málsins má sjá, að líkindi eru til þess að ákærði hafi fyrstur átt hugmyndina að sölu tékkanna og ljóst er að hann lagði fyrirfram liðsinni sitt til sölu þeirra með framlagi fjár til að stofna hlaupareikninginn í Samvinnubankanum hf. og útvegum bifreiðarinnar og með þátttöku hans í brotunum að öðru leyti svo sem lýst er í héraðsdómi. Ber því að refsa honum sem aðalmanni fyrir brot þau er greinir í I. kafla ákæru, en þau varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða, sem hafði 10 sinnum áður sætt refsisdómum, var 4. júní 1983 veitt reynslulausn í 2 ár á eftirstöðvum fangelsisrefsingar 171 degi. Hinn 31. maí 1985 kom ákærði fyrir dóm í máli þessu og tók við birtingu ákæru. Með brotum þeim, er mál þetta er risið af, rauf hann skilorð reynslulausnarinnar og átti héraðsdómari því samkvæmt 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga að ákveða refsingu

með hliðsjón af hinni óloknu refsivist, þannig að hún yrði metin sem skilorðsdómur, en það hefur hann ekki gert. Þykir refsing ákærða samkvæmt því sem rakið hefur verið og með hliðsjón af 72. gr., 77. gr., 78. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi dagana 27. febrúar 1984 kl. 15:05 til kl. 17 þann 5. mars s.á. Skal gæsluvarðhaldstíminn koma refsingu til frádráttar með fullri dagatölu, samtals 8 dögum.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, svo sem í dómsorði greinir.

Málsvarnarlaun eru ákveðin án söluskatts.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Halldór Lárus Pétursson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 24.000,00 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 24.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. febrúar 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 60-62/1987: Ákæruvaldið gegn Halldóri Lárusi Péturssyni, X og Y, sem tekið var til dóms 21. janúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 14. mars 1985, á hendur ákærðu, „Halldóri Lárusi Péturssyni, Ljósheimum 14, fæddum í Reykjavík 6. mars 1958, X og Y, öllum til heimilis í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot gegn tékkalögum og almennum hegningarlögum á árinu 1984:

1. Ákærðu Y eru gefin að sök tékkasvik og meðákærðu Halldóri Lárusi og X hlutdeild í broti hennar, ákærðu Y fyrir að hafa föstudaginn 24. febrúar gefið út í eigin nafni til handhafa, nema annars sé getið, eftirgreinda 13 tékka á tékkareikning sinn nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík

samtals að fjárhæð kr. 119.936 og selt þá í lánastofnunum í Reykjavík og nágrenni án þess að nægilegt fé væri fyrir hendi á reikningum, og með-ákærðu Halldóri Lárusi og X fyrir að hafa hvatt hana og veitt henni aðstoð við að ná til sín fénu, ákærði Halldór með því að leggja meðákærðu Y til 14.500,00 krónur til stofnunar reikningsins daginn áður í sviksamlegum tilgangi og aka henni síðan í bifreið á milli lánastofnana þar sem með-ákærða Y seldi tékkana. Meðákærði X var ávallt viðstaddur í bifreiðinni ásamt Matthildi Eiðsdóttur, fæddri 18. mars 1961, og seldi sjálfur 3 tékka:

1) Tékki nr. 2336185, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Sparisjóði Kópavogs.

2) Tékki nr. 2336177, að fjárhæð kr. 12.500,00. Ákærða Y seldi tékkann í Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2336188, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4) Tékki nr. 2336189, að fjárhæð kr. 7.500,00. Ákærða Y seldi tékkann í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði.

5) Tékki nr. 2336180, að fjárhæð kr. 11.750,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Háaleitisútibúi Samvinnubankans í Reykjavík.

6) Tékki nr. 2336191, að fjárhæð kr. 10.000,00. Matthildur Eiðsdóttir seldi tékkann í Samvinnubankanum í Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 2336181, að fjárhæð kr. 11.252,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Alþýðubankanum við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

8) Tékki nr. 2336182, að fjárhæð kr. 9.890,00, gefinn út til X. Ákærði X seldi tékkann í Útvegsbankanum í Glæsibæ í Reykjavík.

9) Tékki nr. 2336178, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á Seltjarnarnesi.

10) Tékki nr. 2336179, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

11) Tékki nr. 2336186, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

12) Tékki nr. 2336187, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y seldi tékkann í Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað.

13) Tékki nr. 2336190, að fjárhæð kr. 11.544,00. Ákærða Y seldi tékkann í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði.

Telst háttsemi ákærðu Y varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, háttsemi ákærða X í liðum 5), 7) og 8) við sömu lagagrein en að öðru leyti við sömu lagagrein sbr. 22. gr. og háttsemi ákærða Halldórs Lárusar við 248. gr. hegningarlaganna.

2. Ákærðu Y og X er gefið að sök tékkabrot og tékkasvik, ákærðu Y með því að hafa framangreindan dag afhent meðákærða X innistæðu-lausa ávísun nr. 2336183 úr áðurnefndu tékkhefti að fjárhæð kr. 17.500,

sem hún gaf út úr reikningi sínum til X, ákærða X með því að hafa selt tékkann skömmu síðar í verslun Kaupfélags Suðurnesja, Hafnargötu 62 í Keflavík þrátt fyrir fulla vitneskju um að peningar væru ekki fyrir hendi á reikningnum, sbr. ákærulið I að framan.

Telst brot ákærðu Y varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933 sbr. lög nr. 35, 1977 en brot ákærða X við 248. gr. hegningarlaganna.

3. Ákærða Halldóri Lárusi er einum gefið að sök að hafa í byrjun mars stolið myndbandstæki af gerðinni SHARP úr m.b. Gauki, sem lá í Grindavíkurhöfn, í félagi við þá Hallbjörn Einar Guðjónsson, fæddan 19.11. 1956, og Rögnvald Ómar Gunnarsson, fæddan 16.06. 1957 (RLR, mál nr. 2403).

Telst þetta varða við 244. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir samkvæmt framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Fimmtudaginn 23. febrúar 1984 stofnaði ákærða Y tékkareikning nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík. Daginn eftir lagði ákærða 14.500,00 krónur inn á reikninginn og fékk afhent tékkhefti. Sama dag óku ákærðu milli banka í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Gaf ákærða Y út 13 tékka, samtals að fjárhæð 119.936,00 krónur, í eigin nafni á ofangreindan tékkareikning, 10 til handhafa og 3 til ákærða X. Ákærða Y fór sjálf með 9 af tékkunum í hinar ýmsu bankastofnanir, ákærði X með 3 þeirra og Matthildur Eiðsdóttir, sem slóst í för með ákærðu síðar um daginn, fór með 1 tékka í banka. Í öllum tilvikum var tékkunum skipt fyrir peninga, sem ákærðu fengu í hendur. Voru peningarnir settir í umslag í hanskahólfi bifreiðar þeirrar, sem ekið var milli banka. Ákærða Y greiddi í einum bankanna nokkra reikninga að fjárhæð 5.643,00 krónur. Tókst ákærðu að ná til sín með framangreindum hætti alls 114.292,55 krónum. Er ákærða Y reyndi að selja tékka að fjárhæð 10.000,00 krónur í útibúi Útvegsbanka Íslands við Smiðjuveg 1 í Kópavogi um kl. 16:00 greindan dag, var hún handtekin ásamt Matthildi Eiðsdóttur, en ákærða Halldóri Lárusi tókst að komast undan á hlaupum og fór huldu höfði 2 daga. Er Matthildur var handtekin fundust á henni 35.000,00 krónur. Ekkert fannst á ákærðu Y. Ákærði X hafði yfirgefið bifreiðina um klukkustund áður. Ákærði Halldór Lárus hafði fengið sambýliskonu sína til að taka á leigu fyrir sig bifreið þá, sem notuð var við verknaðinn, að morgni 24. febrúar 1984, þar sem ákærði var ökuréttindalaus, og ók ákærði bifreiðinni milli staða. Samkvæmt framburðum ákærðu Y og X svo og framburði Matthildar Eiðsdóttur, stjórnaði ákærði Halldór Lárus því í hvaða banka var farið. Hafði ákærði Halldór Lárus

að morgni sama dags og ákærða X stofnaði nefndan tékkareikning tekið 15.000,00 krónur út af verðtryggðum sparireikningi sínum hjá Sparisjóði vélstjóra.

Tékkar þeir, sem að ofan greinir, eru sem hér segir:

1) Tékki nr. 2336185, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Sparisjóði Kópavogs.

2) Tékki nr. 2336177, að fjárhæð kr. 12.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Vesturbæjarútibúi Landsbanka Íslands í Reykjavík.

3) Tékki nr. 2336188, að fjárhæð kr. 1.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Sparisjóði Hafnarfjarðar.

4) Tékki nr. 2336189, að fjárhæð kr. 7.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og seldi í Útvegsbanka Íslands í Hafnarfirði.

5) Tékki nr. 2336180, að fjárhæð kr. 11.750,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X. Ákærði X seldi síðan tékkann í Háaleitisútibúi Samvinnubankans í Reykjavík.

6) Tékki nr. 2336191, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út í eigin nafni og Matthildur Eiðsdóttir seldi hann síðan í Samvinnubankanum í Hafnarfirði.

7) Tékki nr. 2336181, að fjárhæð kr. 11.252,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X og ákærði X seldi síðan tékkann í Alþýðubankanum við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

8) Tékki nr. 2336182, að fjárhæð kr. 9.890,00. Ákærða Y gaf tékkann út til X. Ákærði X seldi tékkann í Útvegsbankanum í Glæsibæ í Reykjavík.

9) Tékki nr. 2336178, að fjárhæð kr. 10.500,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í útibúi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á Seltjarnarnesi.

10) Tékki nr. 2336179, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík.

11) Tékki nr. 2336186, að fjárhæð kr. 8.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Útvegsbanka Íslands í Kópavogi.

12) Tékki nr. 2336187, að fjárhæð kr. 10.000,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Búnaðarbanka Íslands í Garðakaupstað.

13) Tékki nr. 2336190, að fjárhæð kr. 11.544,00. Ákærða Y gaf tékkann út og seldi í Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði.

Ákærða Y skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hún hafi hitt meðákærða Halldór Lárus miðvikudaginn 22. febrúar 1984 niður í miðbæ í Hressingarskálanum. Hafi meðákærði spurt hana um hvort hún væri ekki til í að stofna tékkareikning og fá sér tékkhefti sem hún myndi síðan skrifa út úr, en hann myndi lána henni peninga til að stofna reikninginn. Myndu þau svo skipta þeim peningum sem þau fengju út úr þessu jafnt á milli sín. Ákærða kvaðst hafa sagt við meðákærða Halldór Lárus að hún ætlaði

að hugsa málið. Hafi meðákærði Halldór Lárus svo hringt til sín um kvöldið og hún þá sagt honum að hún væri til í þetta. Hafi hún þá verið búin að ráðfæra sig við Matthildi Eiðsdóttur sem hafi sagt ákærðu að þetta „væri ekkert mál, bara ef maður kæmist úr landi“. Hafi þau Halldór Lárus hist næsta dag á veitingastað hér í borg og meðákærði Halldór Lárus þá sagt ákærðu að fara í Samvinnubankann í Bankastræti og sækja þar um ávísanareikning. Hafi meðákærði beðið fyrir utan meðan ákærða stofnaði reikninginn. Ákærða kvaðst hafa fengið þær upplýsingar í bankanum að hún gæti komið morguninn eftir og fengið tékkhefti. Ákærða kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi sótt sig að morgni föstudagsins 24. febrúar, og var þá meðákærði X heima hjá ákærðu. Fóru ákærða og meðákærði X út í bilaleigubil, sem meðákærði Halldór Lárus ók. Var fyrst ekið í Sparisjóð vélstjóra, en þangað sótti meðákærði Halldór Lárus peninga. Var síðan ekið í Samvinnubankann í Bankastræti, þar sem ákærða fór inn og lagði inn á reikning sinn 14.500,00 krónur, sem meðákærði Halldór Lárus hafði látið hana hafa, eftir að hann kom út úr Sparisjóði vélstjóra. Fékk ákærða tékkhefti og fór aftur út í bifreiðina. Var fyrst ekið í Landsbankann, þar sem ákærða reyndi að skipta 10.000,00 króna tékka, en þar var henni vísað á Samvinnubankann. Var þá farið í Sparisjóð Reykjavíkur við Skólavörðustíg, þar sem ákærða skipti 10.000,00 króna tékka. Því næst var farið í áfengisverslunina við Lindargötu, þar sem meðákærði X keypti eina rauðvínsflösku. Næst seldi ákærða tékka í Sparisjóði á Seltjarnarnesi, en síðan var farið í ýmsa banka og útibú í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað og Hafnarfirði. Ákærða kvaðst yfirleitt hafa stílað tékkana á handhafa, nema nokkra tékka sem stílaðir hafi verið á meðákærða X og hafi hann farið sjálfur með þá tékka í banka. Ákærða kvað að Matthildur Eiðsdóttir hafi verið sótt heim til ákærðu um kl. 12:30 um daginn og hún verið með í bifreiðinni er ekið var í Kópavog, Garðakaupstað og Hafnarfjörð. Hafi hún vitað hvað verið var að gera, enda ákærða verið búin að ræða um það við hana. Ákærða kvað að peningarnir hafi alltaf verið settir í umslag í hanskahólfi bifreiðarinnar. Ákærða kvað að meðákærði X hafi yfirgefið bifreiðina um kl. 14:30 og haft þá með sér eitthvað af peningum og tvo óselda og útfyllta tékka. Ákærða kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi verið svo æstur að komast í sem flesta banka fyrir kl. 16:00 að hann hafi ekki leyft að stansað yrði í „sjoppu“ til að kaupa eitthvað að borða. Kvaðst ákærða hafa verið orðin hrædd við þetta, þar sem hringt hafi verið úr nokkrum bankanna í Samvinnubankann, og vildi ákærða hætta þessu, en meðákærði Halldór Lárus tók það ekki í mál, þannig að haldið var áfram uns ákærða og Matthildur voru handteknar um kl. 16:00 í útibúi Útvegsbankans í Kópavogi. Ákærða kvaðst hafa greitt nokkra reikninga svo sem vegna ljóss, hita, síma og húsgjalds í nokkrum bankanna fyrir

samtals um 11.000,00 krónur. Annað kvaðst hún ekki hafa haft upp úr þessu. Ákærða kvað ástæðuna fyrir því að hún féllst á að gera þetta að frumkvæði Halldórs Lárusar hafa verið þá, að hún hafi verið peningalaus og skuldug og ekki einu sinni átt fyrir mat handa sér og 3ja ára gömlu barni sínu.

Við meðferð málsins skýrði ákærða frá mjög á sama veg. Kvaðst hún hafa verið nýbúin að standa í skilnaði og verið mjög miður sín vegna þess og illa á sig komin andlega, fjárhagslega og félagslega. Hafi hún hitt meðákærða Halldór Lárus í miðborginni og hann stungið upp á því að þau færu út í þessa fjáröflunarleið. Hefði meðákærði Halldór Lárus sagst mundu lána henni 10.000,00 krónur til að stofna tékkareikning og þetta yrði „ekkert mál“. Hann mundi stinga gat á tölvurákina neðst á tékkanum og „þá mundu þeir ekki fara inn í tölvuna“. Nafn hans mætti hins vegar hvergi koma fram þar sem hann væri á skilorði. Hafi ákærða tekið sér umhugsunarfrest og m.a. rætt við Matthildi Eiðsdóttur sem kvað þetta ekki vera „neitt mál“.

Meðákærði Halldór Lárus hafi svo komið næsta morgun á bílaleigubíl heim til ákærðu, og var meðákærði X þá staddur á heimili ákærðu. Ók meðákærði Halldór Lárus fyrst í Sparisjóð vélstjóra þar sem hann fór inn, og er hann kom til baka fékk hann ákærðu peninga til að stofna tékkareikning. Hefði meðákærði Halldór Lárus fyrst ekið í áfengisverslun og síðan í banka í Reykjavík og nágrannabyggðarlögum. Hafi meðákærði Halldór Lárus gefið ákærðu meðan á þessu stóð einhverjar róandi töflur, valium eða slíkt. Kvaðst ákærða fljótlega hafa viljað hætta við allt saman og vart treyst sér í fleiri banka og færst undan. Var því farið heim til ákærðu og Matthildur sótt og hún svo tekið þátt í þessu.

Ákærði X skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi verið á „fyllerii“ og komið upp í Blikahóla 4 að morgni föstudagsins 24. febrúar 1984. Voru þar þá fyrir meðákærða Y og Matthildur Eiðsdóttir. Kom svo síðar þangað meðákærði Halldór Lárus, og var hann á einhverri Volkswagen-bifreið. Fékk ákærði að sitja í og ætlaði að fá far heim til sín. Hins vegar bauð meðákærði Halldór Lárus ákærða að vera með í ferðinni og bauðst til að gefa ákærða brennivín. Var fyrst farið að Sparisjóði vélstjóra við Borgartún. Þar hafi bæði Halldór Lárus og Y farið inn. Hafi þau komið út með peninga og ákærði fengið af þeim 500,00 krónur hjá meðákærða Halldóri Lárusi til að kaupa áfengi. Var síðan ekið á milli banka- stofnana í bænum. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað strax hvað um var að vera, en áttaði sig síðan á því að verið var að selja tékka. Sá ákærði strax, að ekki var um fals að ræða, þar sem meðákærða Y skrifaði alltaf sitt rétta nafn á tékkana. Hafi hún skrifað alla tékkana og farið ein inn til

að selja þá. Hafi meðákærða Y síðan farið að tala um að oft væri búið að hringja úr bönkunum til að spyrja um innstæður á þessum reikningi sem gefið var út á, og datt þá ákærða í hug að láta hana gefa út tékka á sitt nafn. Fór ákærði inn með þá tékka og skipti þeim sjálfur. Ákærði kvaðst hafa verið með í þessu fram til kl. 15:00 um daginn og var þá búið að fara í Sparisjóðinn í Kópavogi og Útvegsbankann við Digranesveg, en þar fór ákærði úr bifreiðinni og tók leigubifreið heim til sín. Er ákærði fór fékk hann 1.000,00 krónur hjá meðákærða Halldóri Lárusi og 2 tékka, sem meðákærða Y var búin að rita. Var annar að fjárhæð kr. 8.000,00. Þann tékka kvaðst ákærði hafa rifið þar sem búið hafi verið að stimpla á hann í Samvinnubankanum á Suðurlandsbraut að hann væri innistæðulaus. Hinn tékkinn var að fjárhæð 17.500,00 krónur, og er fjallað um þann tékka í II. kafla ákæru þessarar. Ákærði kvað að allir þeir peningar sem komu inn fyrir tékkana hafi verið settir í möppu í hanskahólfi bifreiðarinnar. Kvaðst ákærði hafa rétt þá peninga sem hann fékk fram í til meðákærðu Halldórs Lárusar og Y sem hafi tekið við þeim.

Við meðferð málsins skýrði ákærði svo frá að hann hafi þvælst inn í málið þar sem hann hafi verið staddur heima hjá meðákærðu Y, ásamt Matthildi Eiðsdóttur, er meðákærði Halldór Lárus kom þangað á bifreið „sem hann hafði útvegað sér til starfans“. Neitaði ákærði því eindregið að hafa tekið þátt í einhverjum fyrirfram ákveðnum áformum um þá brotastarfsemi sem ákært er út af. Hafi hann gert sér grein fyrir hvað var á seyði er ekið var á milli banka. Kvaðst ákærði ekki hafa skipt tékkum fyrr en líða tók á daginn. Hafi sinn hlutur í þessu aðeins verið áfengisflaska sem hann fékk um morguninn og andvirði tékkans sem fjallað er um í II. kafla ákæru. Ákærði kvað að meðákærði Halldór Lárus hafi stjórnað bifreiðinni allan tímann og ákærða fundist „hann vera með áfangastaðina í kollinum“. Fannst ákærða að meðákærðu Y hafi verið ýtt út í þetta, því að meðákærði Halldór Lárus hafi lagt fram „startféð“. Hafi fyrst verið farið í Sparisjóð vélstjóra og meðákærði Halldór Lárus sótt peningana þangað. Síðan hafi verið farið í Samvinnubankann í Bankastræti og þaðan í Vesturbæjarútibú Landsbankans. Kvaðst ákærði hafa áttað sig við það útibú hvað var á seyði, því að meðákærða Y hafi ritað tékkann í bifreiðinni. Eftir að Y kom úr útibúinu afhenti hún Halldóri Lárusi peningana, og taldi ákærði að svo hafi verið í flestum tilvikum. Ákærði kvað að Matthildur Eiðsdóttir hafi ekki farið með þeim fyrst um morguninn heldur síðar eftir að komið var aftur að Blikahólum 4. Mundi ákærði ekki eftir hve mörgum tékkum var skipt eftir að Matthildur kom í bifreiðina. Ákærði kvað að skömmu fyrir komu Halldórs Lárusar að Blikahólum 4 hafi Y spurt sig hvort Halldóri Lárusi væri treystandi. Sagði ákærði henni þá að Halldór Lárus væri útsmoginn. Hafi samtalið ekki orðið lengra þar sem

Halldór Lárus birtist í því. Kvað ákærði að sér hafi virst sem meðákærðu hafi verið búin að koma sér saman um þetta áður en að Halldór Lárus hafi virst stjórna þessu.

Matthildur Eiðsdóttir, Hraunbæ 44, skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hún hafi farið í Félagsmálastofnun miðvikudaginn 22. febrúar 1984 um kl. 14:00, og hafi ákærða Y beðið eftir sér í Hressingarskálanum. Er Matthildur kom til baka sat ákærða við borð hjá ákærða Halldóri Lárusi og einhverjum strák. Voru þau eitthvað að ræða um að ná út fé með tékkum og heyrði Matthildur að ákærða Y sagði að hún ætlaði að hugsa málið og að ákærði Halldór Lárus sagðist ætla að hringja í hana um kvöldið. Fóru þeir síðan, ákærði Halldór Lárus og strákurinn. Urðu þær eftir ákærða Y og Matthildur og fór ákærða þá að segja frá um hvað hafi verið talað, en það hafi verið að ákærði Halldór Lárus hefði beðið hana um að opna tékkareikning á eigið nafn og að hann ætlaði að útvega peningana til að leggja inn á reikninginn. Síðan ætti að ná út eins miklum peningum og unnt væri. Fór ákærða Y heim til sín skömmu síðar. Er Matthildur kom til hennar að kvöldi sama dags sagði ákærða Y að ákærði Halldór Lárus væri búinn að hringja og þau ákveðið að hittast næsta dag. Hitti Matthildur ákærðu Y að kvöldi næsta dags og sagði ákærða henni þá að hún væri búin að sækja um tékkareikning í Samvinnubankanum og að ákærði Halldór Lárus ætlaði að koma snemma næsta morgun og þá ætti að ganga frá málinu í bankanum og reyna að ná út peningum. Daginn eftir kvaðst Matthildur hafa vaknað kl. 14:30 við það að ákærðu Halldór Lárus og Y komu til hennar að Blikahólum 4, þar sem hún kvaðst hafa fengið að sofa undanfarnar nætur. Hafi hún farið með þeim í bílaleigubíl sem ákærði Halldór Lárus ók. Var fyrst ekið í Kópavog og farið í tvo banka. Fór ákærða Y þar inn og kom út með peninga sem látnir voru í umslag í hanskahólfi bifreiðarinnar. Þá var ekið í Garðakaupstað þar sem sama sagan endurtók sig. Síðan var farið í Hafnarfjörð og farið þar í þrjá banka að því er Matthildi minnti. Kom ákærða Y alltaf til baka með peninga sem látnir voru í umslagið. Stjórnaði ákærði Halldór Lárus því hvert ekið var. Þegar komið var frá Hafnarfirði ætlaði ákærði Halldór Lárus að aka til Reykjavíkur, en þá stakk ákærða Y upp á því að fara í banka við Smiðjuveginn í Kópavogi, og var haldið þangað. Fór ákærða Y þar inn, en Matthildur og ákærði Halldór Lárus biðu í bifreiðinni. Kom þá maður út og gekk að bifreiðinni og bað um að bifreiðinni yrði ekið að bankanum. Talaði þá ákærði Halldór Lárus um að stinga af, en Matthildur kvaðst hafa sagt honum að gera það ekki og ók hann þá að bankanum. Þar tók maðurinn lykilinn úr bifreiðinni. Flutti meðákærði Halldór Lárus sig þá í farþegasætið án þess að segja neitt. Sá Matthildur hann eiga eitthvað við hanskahólfið en síðan hljóp hann út og hvarf. Eftir að hann

var farinn úr bifreiðinni og maðurinn fór að elta hann gáði Matthildur í hanskahólfið, og var þar eitthvað af 500 króna seðlum. Tók hún þá og stakk í buxur sem hún var í, þar sem þeir síðan fundust. Vissi Matthildur ekki hve mikla peninga hún tók úr hanskahólfinu. Matthildur kvað að þegar hún hafi verið í bifreiðinni hafi ákærða Y sett alla peninga í umslagid í hanskahólfinu, en ákærðu Y og Halldór Lárus hafi síðan ætlað að skipta þeim til helminga. Hafi ákærði Halldór Lárus talað um það að hann mætti ekki blandast neitt inn í þetta mál þar sem hann væri á skilorði. Hafi ákærði Halldór Lárus verið mjög æstur og tímabundinn og hafi hann stjórnað þessu öllu, nema að ákærða Y hafi stungið upp á því að fara í síðasta bankann. Matthildur kvaðst hafa vitað að ákærða Y hafi verið alveg peningalaus og hún hefði aldrei getað opnað tékkareikning nema með því að fá peninga frá öðrum. Kvaðst Matthildur einnig vera viss um að það hafi verið ákærði Halldór Lárus sem hafi átt hugmyndina að þessu og að hann hafi verið stjórnandinn. Matthildur kvað sig hafa grunað að ákærða Y hafi verið að gefa út innstæðulausa tékka, en að hún hafi ekkert viljað skipta sér af því.

Við meðferð málsins skýrði Matthildur svo frá að hún hafi ekki komið í bifreiðina greint sinn fyrr en eftir hádegi. Hafi ákærði Halldór Lárus ekið, ákærða Y setið í framsæti hjá honum og ákærði X og hún sjálf í aftursæti. Hafi ákærði X farið úr bifreiðinni strax í Kópavogi. Síðan hafi verið farið í 2 eða 3 banka í Kópavogi, þá í einhverja banka í Hafnarfirði, ekki mundi hún hve marga, en hún hefði skipt einni ávísun. Þá minnti hana að fyrst hafi verið farið í Garðakaupstað og loks í Kópavog þar sem þau voru tekin. Kvaðst Matthildur hafa séð ákærðu Y setja peningana í hanskahólfið eftir að hún kom úr bönkunum. Hafi hún (Matthildur) látið ákærðu Y hafa peningana sem hún fékk fyrir tékkann sem hún skipti. Eftir að ákærði Halldór Lárus stökk á brott úr bifreiðinni hafi hún tekið peninga úr hanskahólfinu sem síðan hefðu verið teknir af henni í fangelsinu í Síðumúla.

Ákærði Halldór Lárus, sem gengur undir nafninu „Dolli“, hefur frá upphafi neitað allri aðild að máli þessu. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-reglu ríkisins 26. febrúar 1984, skýrði hann svo frá að Kristín Gísladóttir (sambýliskona hans) hefði tekið á leigu bifreið hjá Bílaleigu Akureyrar að morgni föstudagsins 24. febrúar 1984. Ákærði kvaðst ekki hafa getað tekið bifreið á leigu þar sem hann hafi verið ökuréttindalaus. Ákærði kvaðst hafa ekið Kristínu til vinkonu hennar í Breiðholti en farið um hádegi til með-ákærðu Y að Blikahólum 4. Hafi hún beðið sig um að aka í nokkra banka þar sem hún þyrfti að greiða reikninga. Ákærði mundi ekki í hvaða banka þau hefðu haldið fyrst, en að meðákærða hefði farið í nokkra banka í miðborginni og sagt að hún væri að greiða ýmsa heimilisreikninga. Ákærði

kvaðst ekki hafa séð neina peninga hjá meðákærðu en að hún hefði hins vegar verið með tékkhefti. Þegar ákærða hafi verið búin að fara í nokkra banka í miðborginni hafi hún óskað eftir því að ákærði æki með hana heim í Blikahóla 4, og er þangað kom hafi verið þar fyrir Matthildur Eiðsdóttir. Eftir að hafa stoppað stutt þar, hafi ákærða Y óskað eftir að ákærði æki henni í banka í Kópavogi. Kvaðst ákærði hafa fallist á það og hafi Matthildur nú verið með í förum. Ákærði kvað að ákærða Y hafi farið inn í bankann en ákærði og Matthildur beðið í bifreiðinni. Skyndilega hafi einhver maður komið að bifreiðinni og sagt við ákærða að koma með sér inn í bankann og jafnframt tekið kveikjúláslyklana úr bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa fundið að þarna voru einhver vandræði á ferð og því hlaupið á brott. Ákærði neitaði alfarið að hann hefði fengið ákærðu Y til að opna tékkareikning í Samvinnubankanum og taldi að ákærða væri „snarbiluð og ætti að sæta geðrannsókn.“ Aðspurður um tilganginn með töku bíla-leigubifreiðarinnar kvaðst ákærði hafa þurft að útrétta ýmislegt fyrir sjálfan sig. Ákærði harðneitaði að hafa tekið peninga úr hanskahólfi bifreiðarinnar er hann yfirgaf hana í Kópavogi greint sinn.

Við yfirheyrslu 29. febrúar s.á. voru ákærða kynntir framburðir aðila í málinu þess efnis að hann hefði komið að Blikahólum 4 snemma að morgni umrædds föstudags. Ákærði kvaðst ekki muna hvað klukkan var, en hún gæti hafa verið 11 eða 12. Ákærði kvaðst ekki hafa átt neitt sérstakt erindi frekar en venjulega er hann hafi farið þangað til að heimsækja ákærðu Y og aðra, sem hjá henni eru. Ákærði kvaðst hafa farið í ökuferð frá Blikahólum 4 og hafi ákærðu Y og X farið með. Ákærði kvaðst ekki hafa látið meðákærða X hafa neina peninga, en vitað að meðákærði keypti sér flösku af léttvíni. Ákærði kvaðst ekki hafa hitt meðákærðu Y á fimmtudeginum þar á undan og ekki átt á nokkurn hátt þátt í að aðstoða meðákærðu Y við að stofna tékkareikning í Samvinnubankanum. Kvaðst ákærði hafa ekið bifreiðinni á ýmsa staði að fyrirmælum ákærðu Y.

Við yfirheyrslu yfir ákærða 2. mars s.á. var ákærða bent á að hann hefði þann 24. febrúar þar á undan tekið út af verðtrygðum Sparireikningi sínum nr. 701474 hjá Sparisjóði vélstjóra 15.000,00 krónur. Kvað ákærði að það kæmi þessu máli ekkert við og taldi það einkamál hans þegar hann tæki út peninga út af innlánsreikningum hans við bankastofnanir hér í borg eða annars staðar. Ákærði kvaðst hafa þurft að greiða ýmsar skuldir sem hafi hvílt á honum þá um langa tíð, þar sem þessi reikningur sé lokaður um 6 mánuði í senn en síðan opinn til úttekta í einn mánuð. Hafi þessi reikningur verið opinn í febrúar og hann tekið út af reikningnum þann mánuð um 60.000,00 krónur.

Við samprófun með ákærða Halldóri Lárusi og ákærðu Y hinn 1. mars

1984 héldu hvort um sig fast við fyrri framburði í málinu þannig að samræmi náðist ekki á framburðum þeirra.

Við meðferð málsins kvaðst ákærði ekki vera sekur um ákæruatriðin í þessum kafla ákæru. Ákærði kannaðist við að hafa ekið meðákærðu Y í nokkra banka á Seltjarnarnesi, Garðakaupstað og Hafnarfirði. Kvaðst ákærði ekki hafa vitað annað en að hún hafi ætlað að greiða reikninga, og hafi hún komið með reikninga úr bönkum. Ákærði kvað að meðákærði X hafi verið í bilnum allan tímann, en Matthildur hafi ekki komið í hann fyrr en síðar, eftir að farið hafði verið aftur heim til meðákærðu Y. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að meðákærði X hefði farið inn í neinn banka. Ákærði mundi ekki eftir að Matthildur hafi farið inn í banka í Kópavogi. Ákærði kvaðst hafa stokkið á brott vegna þess að hann hafi ekki viljað lenda í neinu veseni þar sem hann hafi verið á skilorði. Hafi hann ekki haft hugmynd um að neitt ólöglegt athæfi ætti sér stað þarna. Ákærði mótmælti því að meðákærða Y hafi fyrir sitt frumkvæði stofnað tékka-reikning í Samvinnubankanum í svíksamlegum tilgangi og að þau hafi komið sér saman um að skipta fénu jafnt. Ákærði neitaði einnig að hafa látið meðákærðu Y fá peninga til að opna reikning eða til annars. Ákærði kvað það jafnframt rangt að hann hafi ráðið ferðinni um það í hvaða banka var farið. Ákærði kvað það rétt að sambýliskona hans Kristín Gísladóttir hafi tekið bifreið á leigu fyrir sín orð. Kvaðst ákærði vera öku-réttindalaus og því hafi Kristín verið leigutaki. Ákærði var spurður um hvort honum væri ekki kunnugt um samstarf bankanna þess efnis að hægt sé að greiða kröfur í einum og sama bankanum, jafnvel þó kröfur séu til innheimtu í mörgum bönkum. Ákærði kvað þá að það væri ekki „sín deild“ og konan sæi um fjármál heimilisins.

Kristín Gísladóttir, Freyjugötu 36, Reykjavík, kannaðist við rannsókn málsins við að hafa tekið bifreið á leigu fyrir ákærða Halldór Lárus þann 24. febrúar 1984. Kvaðst hún hafa farið á Bílaleigu Akureyrar laust eftir kl. 9:00 um morguninn og tekið þar á leigu bifreiðina A-8428 og greitt fyrir hana 1.000,00 krónur. Kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni heim til ákærða að Ljósheimum 14. Þaðan var ekið að Heiðnabergi 10, þar sem hún kvaðst hafa farið úr bifreiðinni og ákærði tekið við henni. Kvaðst Kristín ekkert vita frekar um ferðir ákærða fyrr en kl. 19:00 um kvöldið er hann hafi hringt heim til sín og sagt að bifreiðin væri í Kópavogi. Hafi hún þá spurt ákærða hvort hann væri með lyklana, þannig að hún gæti skilað bifreiðinni, en þá hafi ákærði sagt að hann myndi tala við hana seinna.

Er Kristín kom fyrir dóminn sem vitni kvaðst hún vera sambýliskona ákærða Halldórs Lárusar. Væru þau búin að vera saman í 3 ár og ættu eitt barn saman. Notfærði hún sér rétt sinn til að skorast undan vætti í málinu með vísan til þessa.

Birgir Þór Borgþórsson, gjaldkeri í Útvegsbankanum að Smiðjuvegi 1, Kópavogi, kvaðst hafa verið við störf í bankanum föstudaginn 24. febrúar er þangað kom stúlka rétt fyrir kl. 16:00 sem framvísaði tékka á Samvinnubankann að fjárhæð 10.00,00 krónur. Vitnið kvaðst hafa farið að aðstoða gjaldkera þann sem stúlkan var að reyna að skipta tékkanum hjá og þeir fengið stúlkuna með sér afsíðis inn á kaffistofu starfsfólksins, þar sem grunur hafi vaknað um það að allt væri ekki með felldu. Hafi einn af starfsmönnum bankans séð aðra stúlku með nefndri stúlku og kvaðst vitnið hafa farið út fyrir bankann til að kanna það nánar og þá séð bifreið með manni í og einum kvenmanni fyrir norðan bankann, þannig að bifreiðin hafi ekki sést frá innganginum í bankann. Vitnið kvaðst hafa gengið að bifreiðinni, sem hafi verið í gangi, og tekið manninn, sem var undir stýri, tali. Kvaðst vitnið strax hafa þekkt manninn undir nafninu „Dolli“ og spurt hann hvað hann væri að gera. Hafi „Dolli“ svarað því til að hann væri að bíða eftir vini sínum, en orðið fátt um svör er vitnið spurði hann hvar vinur hans væri. Vitnið kvaðst hafa tekið eftir því að „Dolli“ hafi verið tugaóstyrkur. Kvaðst vitnið hafa spurt fólkið hvort það kannaðist við stúlku þá sem var inni í kaffistofunni, en maðurinn og konan bæði þvertekið fyrir það. Hafi þau neitað að fylgja vitninu inn í bankann og vitnið tekið það ráð að drepa á hreyfli bifreiðarinnar og taka lykilinn úr kveikjúlásnum. Fór vitnið að því búnu inn í bankann til að athuga frekar með lögregluna sem buið var að hringja á. Kom vitnið út að lítilli stund liðinni, og var „Dolli“ þá horfinn. Kvaðst vitnið hafa hlaupið um næsta nágrenni bankans en hvergi séð til ferða „Dolla“.

Niðurstöður:

Sannað er með eigin játningu ákærðu Y, sem er að öllu leyti í samræmi við önnur gögn málsins, að hún hafi gefið út í eigin nafni, ýmist til handhafa eða til meðákærða X, þá 13 tékka, sem í ákæru greinir, á tékkareikning sinn nr. 12777 við Samvinnubankann í Reykjavík, samtals að fjárhæð 119.936,00 krónur, og að hún hafi vitað, er hún gaf tékkana út að næg innstæða var ekki fyrir hendi á reikningnum sem hún hafði stofnað sama dag og lagt inn á 14.500,00 krónur. Þá er og sannað á sama hátt að ákærða hafi sjálf selt 9 af framangreindum tékkum svo sem í ákæru greinir. Varðar háttsemi ákærðu við 248 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þá er sannað með eigin játningu ákærða X og öðrum gögnum málsins að hann hafi selt í bönkum þá 3 tékka, sem um getur í 5., 7. og 8. lið þessa kafla ákærunnar, þrátt fyrir að hann vissi að næg innstæða var ekki á tékkareikningnum. Varðar sú háttsemi ákærða við 248. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir eigi í ljós leitt að ákærði hafi hvatt meðákærðu Y eða veitt henni aðstoð til að ná til sín fénu á annan hátt

en að ofan greinir. Samkvæmt framansögðu er ákærði sýknaður af því að hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Að lokum þykir fyllilega sannað með framburðum Y og Matthildar Eiðsdóttur gegn neitun ákærða Halldórs Lárusar Péturssonar að ákærði Halldór Lárus hafi hvatt meðákærðu Y til að ná til sín þeim fjármunum sem fjallað er um í ákærukafla þessum og veitt henni aðstoð til þess með því að leggja henni til 14.500,00 krónur til stofnunar tékkareikningsins sama dag og féð var svikið út og með því að aka henni milli bankastofnana í Reykjavík, Kópavogi, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi. Það þykir einnig renna stoðum undir sekt ákærða að hann fékk sambýliskonu sína, Kristínu Gísladóttur, til að taka bifreið þá sem hann ók á milli banka-anna á leigu að morgni sama dags og fjársvikin áttu sér stað, að hann tók 15.000,00 krónur út af verðtryggðum sparireikningi sínum sama morgun og að hann hljópst á brott rétt áður en Y og Matthildur Eiðsdóttir voru handteknar og fór huldu höfði 2 daga. Með framangreindri háttsemi þykir ákærði hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

Í málinu hafa verið lagðar fram bótakröfur frá Landsbanka Íslands, Samvinnubanka Íslands, Sparisjóði Hafnarfjarðar og Sparisjóði Kópavogs, samtals að fjárhæð 36.815,00 krónur. Ákærða Y greiddi þann 30. apríl 1984, 35.000,00 krónur af þeirri fjárhæð. Ákærða hefur nú staðið að fullu skil á framangreindum bótakröfum. Auk þess hefur verjandi hennar lagt fram kvittanir frá hinum ýmsu kröfuhöfum í máli þessu, samtals að fjárhæð 51.567,00 krónur, sem eru vegna greiðslna, sem ákærða hefur innt af hendi vegna útgáfu hinna innstæðulausu tékka sem fjallað er um hér að framan.

II.

Sama dag og fjársvik þau, sem um er fjallað í I. kafla ákæru þessarar, áttu sér stað, gaf ákærða Y út tékka nr. 2336183, 17.500,00 krónur af tékkareikningi sínum við Samvinnubankann í Reykjavík nr. 12777, til ákærða X. Ákærða gaf tékkann út þrátt fyrir það að hún vissi að hann væri innstæðulaus. Ákærði X hefur við rannsókn málsins og meðferð þess játað að hafa selt tékkann skömmu síðar í Kaupfélagi Suðurnesja til greiðslu á gallabuxum, og að hafa fengið meginhluta tékkans greiddan til baka í reiðufé. Ákærði gerði sér grein fyrir að engin innstæða var til fyrir tékkanum.

Brot ákærðu eru sönnuð með eigin játningum þeirra, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins. Varðar brot ákærða X við 248. gr. almennra hegningarlaga og brot ákærðu Y við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Af hálfu Kaupfélags Suðurnesja var lögð fram bótakrafa að fjárhæð 17.500,00 krónur. Með bréfi kaupfélagsins, dags. 10. október sl., var krafan afturkölluð, þar sem ákærða Y hafði þá staðið skil á greiðslu hennar.

III.

Aðfaranótt föstudagsins 9. mars 1984 var myndbandstæki af tegundinni Sharp stolið úr m.b. Gauki, sem lá í Grindavíkurhöfn. Hallbjörn Einar Guðjónsson og Rögnvaldur Ómar Berg Gunnarsson hafa báðir jatað að hafa farið til Grindavíkur umrætt sinn og stolið tækinu. Voru þeir sakfelldir fyrir framangreindan verknað með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. júní 1985. Þeir hafa báðir borið að með þeim í ferðinni til Grindavíkur greint sinn hafi verið ákærði Halldór Lárus og hafi hann beðið í bifreið þeirri sem þeir fóru í þangað, meðan þeir fóru um borð og stálu tækinu. Þeir hafa jafnframt borið að með þeim í ferðinni hafi verið Þórður Sigurjónsson, Bárugötu 40, Reykjavík, en hann hefur staðhæft að hann hafi ekki farið í þessa ferð. Hallbjörn Einar og Rögnvaldur Ómar Berg hafa báðir fullyrt, að þeir hafi, eftir þjófnaðinn, selt ákærða Halldóri Lárusi tækið fyrir 10.000,00 krónur sem ákærði hafi greitt fyrir í reiðufé.

Ákærði hefur frá upphafi algjörlega neitað að hafa farið til Grindavíkur umrætt sinn með Hallbirni Einari og Rögnvaldi Ómari eða að hafa keypt umrætt myndbandstæki af þeim, en tæki þetta hefur ekki komið í leitirnar. Þegar virtir eru framburðir Hallbjörns Einars og Rögnvalds Ómars annars vegar og ákærða og Þórðar Sigurjónssonar hins vegar svo og það að bæði Hallbjörn Einar og Rögnvaldur Ómar hafa haldið því fram að ákærði hafi keypt tæki það sem hann er hér ákærður fyrir að hafa stolið, þykir leika það mikill vafi á að ákærði hafi átt hér hlut að máli að sýkna beri ákærða af broti því sem hann er hér ákærður fyrir.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu Halldórs Lárusar og X hafa þeir sætt eftirtöldum refsingum:

1974 45 daga skilorðsb. fangelsi fyrir nytjastuld o.fl.

1976 1 árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað o.fl.

1975 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað o.fl.

1979 45 daga fangelsi fyrir þjófnaðartilraun.

1980 60 daga fangelsi fyrir hylmingu.

1980 Sakfelldur fyrir þjófnað en ekki dæmd refsing.

1981 20 mánaða fangelsi og 15 þús. kr. sekt fyrir brot gegn 173. gr. a hegningarlaga (Hæstaréttardómur í því máli: 16 mán. fangelsi og 20. þús. kr. sekt.).

1982 Hegningarauki 50 daga varðhald (sic) fyrir brot gegn ávana- og fikni-efnalöggjöf.

1984 40 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot.

1986 3 mánaða fangelsi fyrir skjalafals. Sakavottorð tilgreinir einnig 10 sektir samkvæmt dómsátt, þar af fimm fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalögum.

— — —

Ákærði Halldór Lárus Pétursson hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga, og verður refsing hans metin með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á máli því, sem fjallað er um í 1. kafla ákæru frá 27. febrúar til 5. mars 1984 og skal sá tími koma refsingunni til frádráttar með fullri dagatölu.

Dæma ber ákærðu Y til að greiða skipuðum verjanda sínum, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000,00 og ákærða Halldór Lárus Pétursson til að greiða skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 20.000,00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómarinn getur þess að hann tók við máli þessu 1. desember 1986, en hefur engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

D ó m s o r ð:

Ákærða Y sæti fangelsi 6 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar hennar og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði Halldór Lárus Pétursson sæti fangelsi 3 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 27. febrúar til 5. mars 1984, alls 7 dagar.

Ákærði X sæti fangelsi 2 mánuði.

Ákærða Y greiði skipuðum verjanda sínum, Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, 20.000,00 krónur í málsvarnarlaun, og ákærði Halldór Lárus Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum, Páli Arnóri Pálssyni hæstaréttarlögmanni, 20.000,00 krónur í málsvarnarlaun. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.
